

## Upplýsingar fyrir sjúklinginn

- Á þessu korti eru mikilvægar upplýsingar um öryggisatriði sem þú þarft að vita áður en þú hefur meðferð með Caprelsa og hafa í huga meðan á meðferð með Caprelsa stendur
- Sýndu kortið öllum læknum sem koma að meðferð þinni. Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing vita um allar aukaverkanir. Það gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til: Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

Caprelsa getur leitt til breytinga á rafleiðni hjartans sem kallast **lenging á QTc bili**, sem getur valdið óreglulegum hjartslætti og lífshættulegum breytingum á hjartslætti.

Heilkenni í heila sem kallast **afturkræft aftara heilakvillaheilkenni (posterior reversible encephalopathy syndrome (PRES))**, einnig þekkt sem **afturkræft baklægt innlyksuheilabólguheilkenni (reversible posterior leukoencephalopathy syndrome (RPLS))** getur komið fyrir meðan á töku Caprelsa stendur.

**Hringdu tafarlaust í lækinn eða segðu umönnunaraðilanum frá því ef eitthvað af eftirfarandi kemur fram meðan þú ert á meðferð með Caprelsa:**

- Yfiriðstilfinning, sundl eða óreglulegur hjartsláttur, þar sem þetta geta verið einkenni lengingar á QTc bili
- Höfuðverkur, flog, krampar, rugl, breytingar á sjón eða erfiðleikar með að hugsa, þar sem þetta geta verið einkenni PRES

Hættu hvorki töku Caprelsa né breyttu skammti, nema lækinn hafi sagt þér að gera það.

Ef þú tekur of margar Caprelsa töflur skaltu tafarlaust hringja í lækinn.

\_\_\_\_\_ : Nafn sjúklings:  
\_\_\_\_\_ : Nafn umönnunarabilla:  
\_\_\_\_\_ : Símanúmer umönnunarabilla:  
\_\_\_\_\_ : Nafn læknis:  
\_\_\_\_\_ : Símanúmer læknis:  
\_\_\_\_\_ : Dagsæting þegar meðferð með Caprelsa hefst:

Lestu fylgiseðil Caprelsa til þess að fá nánari upplýsingar, hann fylgir með í pakkingu lyfsins en er einnig aðgengilegur á vef Lyfjastofnunar, [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)  
Vinsamlegast gættu þess að hafa meðferðis lísta yfir öll önnur lyf sem þú notar, í hvert skipti sem þú ferð til læknisins

# Öryggiskort sjúklings: CAPRELSA<sup>®</sup> ▼ (vandetanib)

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Þú getur hjálpað með því að tilkynna allar aukaverkanir sem þú færð. Tilkynna á aukaverkun til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is).

